

PricewaterhouseCoopers hf
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík

www.pwc.com/ris
Sími +354 550-5300
Myndsími +354 550-5301

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

v.t. Eiríkur Áki Eggertsson

16. mars 2010

Efni: Athugasemdir við þskj. 694 – 386. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðara breytingum (kyrrsetning eigna).

Um 1. gr.

Að mati PwC er sú regla sem hér er lögð til haldin ýmsum annmörkum en þó sérstaklega eftirfarandi:

1. mgr. Heimild til kyrrsetningar hjá aðilum er bera ábyrgð á skattgreiðslum skv. 116. gr. tekjuskattslaga.

Í tillögunni er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá aðilum sem bera ábyrgð á skattgreiðslum skv. 116. gr. tekjuskattslaga óháð því hvort rannsókn málsins beinist að þeim aðila. Á þetta meðal annars við um maka þess er rannsókn beinist að, atvinnurekendur erlendra ríkisborgara, erfingjar, þeir sem hafa fjárforræði fyrir ólögráða menn, skilaneftarmenn o.fl. PwC vill benda á að verið er að ganga lengra en í lögum um meðferð sakamála þegar hægt er að kyrrsetja eignir aðila er falla undir 116. gr. tekjuskattslaga þótt rannsókn málsins beinist ekki að þeim.

PwC leggur til heimild til kyrrsetningar eigna aðila skv. 116. gr. tekjuskattslaga sé felldur frumvarpinu eða taki aðeins til aðila nákomnum þeim er rannsókn beinist að en nái ekki yfir alla aðila er taldir eru upp í 116.gr. tekjuskattslaga.

2. mgr. Framkvæmd og gildi kyrrsetningar

Í frumvarpinu kemur fram að um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanir. Ljóst er að um mikla fjármuni getur verið að ræða og ekkert í frumvarpinu hvetur til þess að beita meðalhófs við kyrrsetningu. Kyrrsetning eigna getur einnig verið beint að aðilum er bera ábyrgð á greiðslu samkvæmt 116. gr. tekjuskattslaga en eru samt ekki aðilar að rannsókninni. Í ljósi þess að ekki þarf að höfða mál til staðfestingar kyrrsetningu þá er mun mikilvægara að kyrrsetningarheimild lagana sé skýr

og hvetji til meðalhófs. PwC hvetur til þess að það sé betur afmarkað til hversu langs tíma kyrrsetning megi eiga sér stað og að kyrrsetning fjármuna takmarkist við hámarks upphæð væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar.

Virðingarfyllst,

PricewaterhouseCoopers hf.

Bryndís Gunnlaugsd.
Bryndís Gunnlaugsdóttir